



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Rvk.

Reykjavík 13. nóvember 2023

Efni: Umsögn BÍL um mál 50, 154. löggjafarþingi, Frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) þakkar fyrir tækifærið á að birta álit sitt á þessu frumvarpi sem fjallar um brottfall laga um heiðurslaun listamanna.

Bandalag íslenskra listamanna eru heildarsamtök félaga listgreina á Íslandi og er samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneyti menningarmála umsagnaraðili um málefni menningar og listsköpunar í landinu.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem BÍL er kallað til umsagnar og samtals um heiðurslaun Alþingis. Fyrst er rétt að hafa nokkur orðum heiðurslaunin sem slík því í greinargerð með tillögunni er blandað saman umræðunni um starfslaun listamanna og heiðurslaun og rétt að áréttu að hér er ekki um sama umhverfi að ræða og að mikilvægi starfslaunanna dregur ekki úr gildi heiðurslauna.

Heiðurslaunin eru öðru fremur viðurkenningarvottur sem Alþingi, í umboði þjóðarinnar, veitir listamönnum sem með löngum og farsælum ferli hafa lagt þjóðinni til verðmæti sem ekki verða metin til fjár og munu lifa með þjóðinni um ókomna tíð. Það lýsir takmörkuðum skilningi á framlagi listarinnar að halda því fram, eins og segir í greinargerð, að heiðurslaunin skili ekki neinum samfélagslegum ávinningi. Þvert á móti eru heiðurslaunin viðurkenning okkar á því að þjóðin meti ævistarf þessara listamanna að verðleikum og gildi starfs þeirra og verka fyrir samfélagið.

Fjármagnið sem úthlutað er til þessara launa er að mestu endurheimt í gegnum tryggingakerfið svo útgjöldin sem slík eru óveruleg fyrir hið opinbera. Þekkt er að listamenn sem lifað hafa af störfum

BÍL - Bandalag íslenskra listamanna, Pósthólf 637, 121 Reykjavík. Sími 862 4808

sínum hafa margir hverjir ekki safnað digrum sjóðum svo kannski mun þessi flís hjálpa til við að gera ævikvöldið bærilegra. En mikilvægast er að þessir listamenn og samfélag þeirra finna að þjóðin sé þakklát þeim fyrir framlag þeirra.

Það er ýmislegt sem gagnrýna má í lagaumhverfi heiðurslaunanna. Fyrir það fyrsta eru heiðurslaunin veitt af Alþingi, allsherjar- og menntamálanefnd hefur „tillöguvaldið“ og til ráðgjafar hefur þingnefndin faghóp sem skipaður er af forseta Alþingis. Allsherjar- og menntamálanefnd hefur ítrekað sniðgengið tillögu nefndarinnar og ekki talið sig bundna af faglegu mati hennar. Þó var ánægjuleg breyting við síðustu ákvörðun um viðbætur á þennan góða lista.

Það er sjálfsagt að taka lagaumhverfi heiðurslauna til endurskoðunar en þá með því markmiði að gera það gagnsæjara og faglegra svo að þeir einstaklingar sem um ræðir geti borið þessa viðurkenningu með stolti, því við fullyrðum að þjóðin sé stolt af þeim.

Erling Jóhannesson
Forseti Bandlags íslenskra listamanna